# NÁMSGREIN: STUTTMYNDAGERÐ

# KENNSLUYFIRLIT: 8.BEKKUR

**Kennsluhættir:** Kennt er í lotum, einu sinni í viku hverri, tvo tíma í senn. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Kennslan byggist m.a. á innlögn, reglulegri upprifjun, einstaklingsvinnu og hópavinna. Nemendur temji sér gagnrýna hugsun, ígrundun, sjálfstæðar skoðanir og skapandi vinnubrögð.
**Námsþættir:** Vinnuferlið í kvikmyndagerð, bygging frásagnar,persónusköpun,uppsetning handrits,söguborð,myndskurður og sjónarhorn, hreyfing myndavélar,klipping, brellur og grænskjár.
**Námsmat:**
**Lykilhæfni:**
Verkefni yfirfarin og metin út frá lykilhæfniviðmiðum aðalnámskrár: þ.e. tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga og ábyrgð nemenda á eigin vinnu og framförum
Áhersla er lögð á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.

- Að geti tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.
- Að geti beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýnni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.
- Að geti tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.
- Að geti gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd.
- Að geti unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.
- Að geti sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist.
- Að geti tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.

**Hæfniviðmið / matsviðmið:**
**Áhersla er lögð á að nemandi öðlist eftirfarandi hæfni.**

- Geta nýtt leitarvélar, gagnabanka, gervigreind og önnur verkfæri á fjölbreyttan og siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar og skilji hvað liggur til grundvallar.
- Geta valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga.
- Geta valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóðvinnslu.
- Geta nýtt fjölbreyttan og viðeigandi tækjabúnað til menntunar og leyst tæknileg úrlausnarefni.

**Námsgögn:** Margmiðlun - stafræn miðlun, höfundur Björgvin Ívar Guðbrandsson, https://vefir.mms.is/margmidlun/kvikmyndagerd/- https://www.youtube.com/watch?v=e3-9o4Yxx-U KENNSLUMYNDBAND IMOVIE https://www.youtube.com/watch?v=RpFrf9t4AsE KENNSLUMYNDBAND CHROMEBOOK https://www.youtube.com/channel/UC-1-c6mf_L-QK_vUvsGVFGA

| Tímabil | Námsflokkur | Kennsluhættir | Námsmat | Námsorðaforði |
|---|---|---|---|---|
| **Kennt í lotum.** | Stuttmyndagerð<br><br>Nemendur vinna 3–4 saman að stuttmynd í *iMovie*.<br><br>Verkefni<br><br>3-5 mínútna stuttmynd sem inniheldur eftirfarandi:<br>• tvo tónlistarstíla<br>• víðmynd<br>• heilmynd<br>• nærmynd<br>• hlutamynd<br>• bæði handrit og söguborð skal fylgja skilaverkefni. | Sýnikennsla,<br><br>innlagnir,<br><br>hugmyndavinna,<br><br>verklegar æfingar,<br><br>sköpun,<br><br>samvinnunám | • Frammistaða við gerð verkefna<br>• Frammistaða í kennslustundum<br>• Í lok námslotu er frammistaða nemanda metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem valin hafa verið fyrir námslotuna<br>• Lykilhæfni er ekki metin sérstaklega en er mikilvæg öllum í samfélagi manna og ber að leggja áherslu á hana samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. | **tökur, klippingar,leikmunir, þrífótur, söguborð, handrit, víðmynd, heilmynd, hlutamynd, nærmynd.** |